

## Upplýsingar um kvikmyndaverðlaun Norðurlandaráðs – 2016

### Markmið

Markmið verðlauna Norðurlandaráðs er að auka áhuga á norrænu menningarsamfélagi og samstarfi um umhverfismál, svo og að veita verkefnum sem skarað hafa fram úr á sviði lista eða umhverfismála athygli. Verðlaunin munu stuðla að því að vekja athygli á norrænu samstarfi og auka sýnileika þess.

### Verðlaunamyndin

Úrslit verða tilkynnt þriðjudaginn 1. nóvember í tengslum við þing Norðurlandaráðs í Kaupmannahöfn. Kvikmyndaverðlaunin verða veitt mynd sem hefur mikið menningarlegt gildi, er framleidd á Norðurlöndum, er í fullri lengd og gerð til sýningar í kvikmyndahúsum. Myndin verður að hafa verið frumsýnd í kvikmyndahúsi á tímabilinu frá 1. júlí 2015 til 30. júní 2016. Verðlaunaupphæðin nemur 350 þúsund dönskum krónum og skiptist jafnt milli handritshöfundar, leikstjóra og framleiðanda. Það undirstrikar að kvikmyndagerð sem listgrein er fyrst og fremst afurð náins samspils þessara þriggja þátta.

### Skilyrði fyrir tilnefningu

Til að hljóta tilnefningu verða myndir að eiga rætur í norrænni menningu að verulegu leyti. Þær verða að hafa mikið listrænt gildi, skara fram úr hvað varðar listrænan frumleika og samtvinna og efla hina margvíslegu þætti formsins svo úr verði sannfærandi og heilsteypt verk.

### Dómnefndir í löndunum og norræn dómnefnd

Dómnefndirnar í löndunum eru skipaðar þremur fulltrúum sem útnefndir eru af Norrænu ráðherranefndinni (menningarmálaráðherrunum). Dómnefndarfulltrúar eru valdir úr hópi virtra einstaklinga sem hafa faglega reynslu af kvikmyndagreiningu og -rýni. Dómnefndirnar í löndunum eru skipaðar til þriggja ára.

Meðlimir dómnefndanna í löndunum árið 2016 eru: Per Juul Carlsen, Jakob Wendt Jensen, Eva Novrup Redvall (Danmörk), Jaana Puskala, Harri Römpötti, Outi Heiskanen (Finnland), Hilmar Oddsson, Börkur Gunnarsson, Helga Pórey Jónsdóttir (Ísland), Silje Riise Næss, Kalle Løchen, Britt Sørensen (Noregur), Jannike Åhlund, Jon Asp, Kristina Börjeson (Svíþjóð). Formenn landsdómnefndanna sitja í norrænu dómnefndinni.

### Fyrri handhafar kvikmyndaverðlauna Norðurlandaráðs

Kvikmyndaverðlaun Norðurlandaráðs voru veitt í fyrsta sinn árið 2002. Finnsla myndin *Maður án fortíðar* (*Mies vailla menneisyyttä*) eftir Aki Kaurismäki hlaut verðlaunin það ár.

Árið 2005 var ákveðið að veita kvikmyndaverðlaunin árlega. Verðlaunahafar næstu ára voru:

2005: *Morðið* (*Drabet*) í leikstjórn Pers Fly. Handritshöfundar: Kim Leona, Dorte Høgh, Mogens Rukov og Per Fly. Framleiðandi: Ib Tardini fyrir Zentropa, Danmörku.

2006: *Zozo*. Josef Fares leikstýrði og skrifaði handrit. Framleiðandi: Anna Anthony fyrir Memfis Film, Svíþjóð.

2007: *Listin að gráta í kór* (*Kunsten at græde i kor*) í leikstjórn Peters Schønau Fog. Bo hr. Hansen skrifaði handritið, sem byggt er á skáldsögu eftir Erling Jepsen. Framleiðandi: Thomas Stenderup fyrir Final Cut, Danmörku.

2008: *Du levande*. Roy Andersson leikstýrði og skrifaði handrit. Framleiðandi: Pernilla Sandström fyrir Studio 24, Svíþjóð.

2009: *Andkrístur* (*Antichrist*). Handritshöfundur og leikstjóri: Lars von Trier. Framleiðandi: Meta Louise Foldager fyrir Zentropa, Danmörku.

2010: *Submarino*. Thomas Vinterberg leikstýrði og skrifaði handrit ásamt Tobias Lindholm. Framleiðandi: Morten Kaufmann fyrir Nimbus Film, Danmörku.

2011: *Svínastían (Svinalängorna)*. Pernilla August leikstýrði og skrifaði einnig handrit ásamt Lolitu Ray. Framleiðendur: Helena Danielsson og Ralf Karlsson fyrir Hepp Film, Svíþjóð.

2012: *Play*. Handritshöfundur og leikstjóri: Ruben Östlund. Framleiðandi: Erik Hemmendorff fyrir Plattform Produktion, Svíþjóð.

2013: *Veiddin (Jagten)*. Thomas Vinterberg leikstýrði og skrifaði handrit ásamt Tobias Lindholm. Framleiðendur: Sisse Graum Jørgensen og Morten Kaufmann fyrir Zentropa, Danmörku.

2014: *Hross í oss*. Handritshöfundur og leikstjóri: Benedikt Erlingsson. Framleiðandi: Friðrik Þór Friðriksson fyrir Hrossabrest, Íslandi.

2015: *Fúsi*. Handritshöfundur og leikstjóri: Dagur Kári. Framleiðendur: Baltasar Kormákur og Agnes Johansen fyrir RVK Studios.

## KVIKMYNDAVERÐLAUN NORÐURLANDARÁÐS 2016 – DANMÖRK

### UNDER SANDET

#### ÁGRIP

Pegar seinni heimsstyrjöld líður undir lok þvingar danski herinn hóp þýskra stríðsfanga, sem vart eru komnir af barnsaldri, til að sinna lífshættulegu verkefni – að fjarlægja jarðsprengjur af strönd Danmerkur og gera þær óvirkar. Piltarnir, sem búa yfir ýmist lítilli eða engri þjálfun til verksins, komast brátt að því að stríðinu er hvergi nærri lokið.

*Under sandet* byggir á sönnum atburðum og segir frá átakanlegu tímabili í sögu eftirstríðsáranna sem hingað til hefur legið í þagnargildi.

#### LEIKSTJÓRI OG HANDRITSHÖFUNDUR – MARTIN ZANDVLIET

Martin Zandvliet (f.1971) hóf feril sinn á því að klippa heimildarmyndir. Fyrsta myndin sem hann leikstýrði, *Angels of Brooklyn* (2002), hlaut Robert-verðlaunin sem besta heimildarmyndin. Zandvliet kvað sér hljóðs á alþjóðavettvangi með fyrstu mynd sinni í fullri lengd, *Applaus* (2009). Fyrir hana var Paprika Steen valin besta leikkonan á Karlovy Vary-hátíðinni, sem er ein af mörgum alþjóðlegum viðurkenningum sem myndir Zandvliets hafa hlotið. Önnur mynd hans, *Dirch*, fjallar um grínistann fræga Dirch Passer. Hún sló í gegn hjá bæði gagnrýnendum og áhorfendum og var ein vinsælasta mynd Danmerkur árið 2011.

Hin átakanlega stríðssaga *Under sandet* var opnunarmynd Plattform-hluta kvikmyndahátíðarinnar í Toronto árið 2015.

Hingað til hefur myndin hlotið alls 23 verðlaun, svo sem Dragon-verðlaunin sem besta norræna myndin á alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Gautaborg árið 2016. Sögu svið næstu myndar Zandvliets, *The Outsider*, er Japan eftirstríðsáranna, en hún er á ensku og skartar Jared Leto í aðalhlutverki.

Sem handritshöfundur hefur Zandvliet tvívegis átt samstarf við Mads Matthiesen (*10 timer til paradis, The Model*) og næsta verkefni hans, *White Dog*, er skrifað í samstarfi við Anders August fyrir leikstjórnann Asger Leth.

## FRAMLEIÐANDI – MIKAEL RIEKS

Mikael Rieks (f. 1969) útskrifaðist frá fjölmiðla- og sjónvarpsskólanum í Kaupmannahöfn árið 1992. Árið 2003 gekk hann til liðs við Nordisk Film og starfaði þar við heimildarmyndirnar *Overcoming* eftir Tómas Gislason (2005), *Ghosts of Cité Soleil* eftir Asger Leth (2006) og fjölskyldumyndina *Karlas kabale* eftir Charlotte Sachs Bostrup (2007), sem allar hafa hlotið mikið lof.

Árið 2008 stofnaði Rieks sitt eigið fyrirtæki, Koncern Film, sem hefur framleitt myndirnar *Applaus* og *Dirch* eftir Martin Zandvliet. Árið 2012 tók hann enn upp samstarf við Nordisk Film til að framleiða þriðju kvikmynd Zandvliets, *Under sandet*.

Á meðal næstu verkefna Rieks fyrir Nordisk Film má nefna myndina *White Dog* eftir Asger Leth, sem er á ensku og byggir á hugmynd Zandvliets. Um er að ræða dramatíska mynd um tvo bræður, snoðhousa sem búsettir eru í Pittsburgh í Bandaríkjunum skömmu eftir ellefta september 2001. Rieks var valinn sem einn af upprennandi framleiðendum á Cannes-hátíðinni árið 2013.

## FRAMLEIÐSLUUPPLÝSINGAR

Titill á frummáli	Under sandet
Leikstjórn	Martin Zandvliet
Handrit	Martin Zandvliet
Framleiðandi	Mikael Rieks
Aðalhlutverk	Roland Møller, Mikkel Boe Følsgaard, Louis Hofmann, Joel Basman
Framleiðslufyrirtæki	Nordisk Film Production
Lengd	101 mínúta
Dreifing innanlands	Nordisk Film
Alþjóðleg dreifing	K5 International

## KVIKMYNDAVERÐLAUN NORÐURLANDARÁÐS 2016 – FINNLAND

### HYMYILEVÄ MIES

#### ÁGRIP

Það er sumarið 1962 og Olli Mäki á möguleika á að keppa um heimsmeistaratitilinn í fjaðurvigt hnefaleika. Frá finnsku sveitasælunni og alla leið til borgarljósa Helsinki hefur allt verið búið undir frægð hans og frama. Það eina sem Olli þarf að gera er að léttast og halda einbeitingunni. En eitt stendur í veginum: hann er orðinn ástfanginn af Raiju.

#### HANDRITSHÖFUNDUR OG LEIKSTJÓRI – JUHO KUOSMANEN

Juho Kuosmanen (f. 1979) lauk kvikmyndanámi frá ELO við Aalto-háskólann í Helsinki árið 2014. Meðfram náminu starfaði hann sem leikari og leikstjóri á sviði og vann náið með avant-garde-hópnum West Coast Kokkola Opera.

Kuosmanen hefur hlotið fjölda verðlauna fyrir stuttmyndir sínar, svo sem þriðju verðlaun á Cinéfondation í Cannes fyrir *Kestomerkitsijät*, Prix Arte-verðlaunin á Premiers Plans-hátíðinni í Angers í Frakklandi fyrir *Kaupunkilaisia* og fyrstu verðlaun á Cinéfondation fyrir útskriftarmynd sína, *Taulukauppiaat*, árið 2010.

Frumraun hans í fullri lengd, *Hymyilevä mies*, hlaut verðlaunin Un Certain Regard á kvikmyndahátíðinni í Cannes árið 2016.

#### HANDRITSHÖFUNDUR – MIKKO MYLLYLAHTI

Mikko Myllylahti (f. 1980) nam handritaskrif og leikstjórn við ELO í Helsinki og lauk meistaragraðu árið 2012. Útskriftarmynd hans, *Pyramidi*, hlaut nemendaverðlaunin á kvikmyndahátíðinni í Tampere í Finnlandi 2012. Önnur stuttmynd hans, *Käsilaukka* (2013), var tilnefnd til verðlauna sem besta stuttmyndin á Nordisk Panorama 2013.

Hann skrifaði handritið að *Hymyilevã mies* ásamt leikstjóra myndarinnar, Juho Kuosmanen. Myllylahti hefur einnig gefið út þrjár ljóðabækur við góðar undirtektir gagnrýnenda og hlotið hin virtu Kalevi Jäntti-bókmenntaverðlaun árið 2012 fyrir bókina *Väylä*.

### FRAMLEIÐANDI – JUSSI RANTAMÄKI

Jussi Rantamäki (f.1980) lauk grunnnámi í menningarstjórnun árið 2004. Meðfram náminu og eftir það starfaði hann sem aðstoðarleikstjóri og tökustaðastjóri.

Árið 2008 hóf hann störf sem framleiðandi hjá fyrirtækinu Aamu Filmcompany Ltd. Fyrstu tvær myndirnar sem hann framleiddi, *Älä kuiskaa ystävän suuhun* og *Taulukauppiat*, voru frumsýndar á alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Berlín og á Cinéfondation í Cannes árið 2010. Kvikmyndin *Kaikella rakkaudella* eftir Matti Ijäs var tilnefnd fyrir besta handrit á Jussi-verðlaunahátíðinni 2014 og árið 2016 hlaut *Hymyilevã mies* eftir Juho Kuosmanen Un Certain Regard-verðlaunin á kvikmyndahátíðinni í Cannes.

### FRAMLEIÐSLUUPPLÝSINGAR

Titill á frummáli	Hymyilevã mies
Leikstjórn	Juho Kuosmanen
Handrit	Mikko Myllylahti, Juho Kuosmanen
Framleiðandi	Jussi Rantamäki
Aðalhlutverk	Jarkko Lahti, Oona Airola, Eero Milonoff, Joanna Haartti
Framleiðslufyrirtæki	Aamu Filmcompany Ltd.
Lengd	92 mínútur
Dreifing innanlands	B-Plan Distribution
Alþjóðleg dreifing	Les Films du Losange

## KVIKMYNDAVERÐLAUN NORÐURLANDARÁÐS 2016 – ÍSLAND

### PRESTIR

#### ÁGRIP

Eftir nokkurra ára dvöl í Reykjavík ásamt móður sinni er hinn sextán ára gamli Ari sendur fyrirvaralaust aftur á Vestfirði til að búa hjá pabba sínum. Samband hans við föður sinn er orðið stirt og æskuvinir hans hafa breyst. Þó að aðstæður virðist vonlausar verður Ari að grípa til sinna ráða og fara eigin leiðir.

### HANDRITSHÖFUNDUR OG LEIKSTJÓRI – RÚNAR RÚNARSSON

Rúnar Rúnarsson er fæddur árið 1977 í Reykjavík. Hann útskrifaðist frá Kvikmyndaskóla Danmerkur árið 2009. Rúnar hefur hlotið ýmis verðlaun fyrir stuttmyndirnar *Síðasti bærinn* (sem var tilnefnd til Óskarsverðlauna 2006), *Smáfugla* (sem var tilnefnd til Gullpálmans í Cannes 2008) og útskriftarmynd sína, *Anna* (Directors' Fortnight á Cannes 2009). Fyrsta mynd hans í fullri lengd, *Eldfjall*, var sýnd á Directors' Fortnight í Cannes árið 2011 og í kjölfarið á yfir 30 hátíðum víða um heim, þar sem hún hlaut ýmis verðlaun svo sem fyrir besta leikara í aðalhlutverki (Theódór Júlíusson) í São Paulo og Silver Hugo-verðlaunin fyrir besta nýja leikstjóra á kvikmyndahátíðinni í Chicago.

*Prestir*, önnur mynd Rúnars í fullri lengd, var heimsfrumsýnd í Toronto 2015 og hlaut skömmu síðar Golden Shell-verðlaunin sem besta myndin á kvikmyndahátíðinni í San Sebastián á Spáni. Hingað til hefur myndin hlotið alls 17 alþjóðleg verðlaun.

## FRAMLEIÐANDI – MIKKEL JERSIN

Mikkel Jersin (f. 1980) lauk B.A.-námi í alþjóðlegum viðskipta- og markaðsfræðum frá Viðskiptaháskólanum í Kaupmannahöfn. Árið 2011 útskrifaðist hann frá Kvikmyndaskóla Danmerkur og var stuttu seinna ráðinn af fyrirtækinu Nimbus Film sem framleiðandi og alþjóðlegur meðframleiðandi.

Jersin hefur meðframleitt fjölda norræna kvikmynda fyrir Nimbus Film sem vakið hafa eftirtekt, svo sem *Hotell* eftir Langseth, *Fúsa* eftir Dag Kára (sem hlaut kvikmyndaverðlaun Norðurlandaráðs 2015), *Louder Than Bombs* eftir Joachim Trier (sem keppti um Gullpálmann í Cannes 2015), *Den allvarsamma leken* eftir Pernillu August (sem var frumsýnd á alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Berlín 2016) og hina væntanlegu *Rosemari* eftir Söru Johnsen.

Enn er verið að sýna *Presti*, sem Jersin framleiddi fyrir Nimbus Film, á kvikmyndahátíðum um allan heim og hefur hún þegar hlotið 17 alþjóðleg verðlaun.

Árið 2015 gekk Jersin til liðs við fyrirtækið Snowglobe, sem er staðsett í Kaupmannahöfn og undir stjórn Katrinar Pors og Evu Jakobsen. Meðal verkefna hans þar eru nýjar kvikmyndir eftir Amat Escalante, Joachim Trier, Omar Shargawi, Jonas Arnby, Kasper Gaardsøe og Martin Skovbjerg.

Jersin var á meðal þeirra sem valdir voru sérstaklega sem upprennandi framleiðendur á kvikmyndahátíðinni í Cannes 2016.

## FRAMLEIÐSLUUPPLÝSINGAR

Titill á frummáli	Prestir
Leikstjórn	Rúnar Rúnarsson
Handrit	Rúnar Rúnarsson
Framleiðandi	Mikkel Jersin
Aðalhlutverk	Atli Óskar Fjalarsson, Ingvar E. Sigurðsson, Kristbjörg Kjeld
Framleiðslufyrirtæki	Nimbus Film
Lengd	99 mínútur
Dreifing innanlands	Sena
Alþjóðleg dreifing	Versatile Films

## KVIKMYNDAVERÐLAUN NORÐURLANDARÁÐS 2016 – NOREGUR

### LOUDER THAN BOMBS

#### ÁGRIP

Premur árum eftir ótímabæran dauða ljósmyndarans Isabelle Reed stendur til að setja upp sýningu á verkum hennar. Elsti sonur hennar, Jonah, er því tilneyddur að snúa aftur á heimili fjölskyldunnar og verja meiri tíma með föður sínum, Gene, og yngri bróðurnum, Conrad, sem hann hefur ekki hitt árum saman. Þegar þeir eru allir undir sama þaki á ný leggur Gene sig fram um að tengjast sonum sínum. Það reynist þó hægara sagt en gert að sætta mótsagnakenndar tilfinningar feðganna gagnvart konu sem þeir minnst með afar ólíkum hætti.

#### HANDRITSHÖFUNDUR OG LEIKSTJÓRI – JOACHIM TRIER

Joachim Trier (f. 1974) nam við Evrópska kvikmyndaskólann í Danmörku og stundaði að því loknu starfsnám við National Film and Television School í Bretlandi, þar sem hann gerði fjölda stuttmynda sem unnu til ýmissa verðlauna. Trier öðlaðist skjóta heimsfrægð eftir fyrstu mynd sína í fullri lengd, *Reprise* (2006), sem fór um allan heim og hlaut rúmlega 20 viðurkenningar, m.a. fyrir bestu leikstjórn á kvikmyndahátíðinni í Karlovy Vary og Discovery-verðlaunin á kvikmyndahátíðinni í Toronto. Önnur kvikmynd hans, *Oslo, 31. august*, var valin til sýninga í flokknum Un Certain

Regard á hátíðinni í Cannes 2011 og hlaut verðlaun fyrir bestu leikstjórn á Amanda-verðlaunahátíðinni í Noregi árið 2012.

*Louder Than Bombs*, fyrsta mynd hans á ensku, var heimsfrumsýnd á kvikmyndahátíðinni í Cannes 2015 og hlaut Bronshestinn fyrir bestu myndina á kvikmyndahátíðinni í Stokkhólmi. *Thelma* (vinnutitill), næsta mynd Triers á norsku, segir sögu ungrar konu sem enn hefur ekki áttað sig á því að hún býr yfir ógnvænlegu afli.

Trier er nú tilnefndur til kvikmyndaverðlauna Norðurlandaráðs í þriðja sinn fyrir *Louder Than Bombs*, en hin skiptin voru fyrir *Reprise* (2007) og *Oslo, 31. august* (2011).

## HANDRITSHÖFUNDUR – ESKIL VOGT

Eskil Vogt (f. 1974) nam kvikmyndaleikstjórn við franska kvikmyndaskólann La Fémis. Fyrsta stuttmynd hans í Frakklandi, *Une étreinte*, vann til Prix UIP-verðlaunanna á stuttmyndahátíðinni í Grimstad í Noregi 2003, og *Les étrangers* vann til European Jury-verðlaunanna á Premiers Plans-hátíðinni í Angers í Frakklandi árið 2005..

*Blind*, fyrsta kvikmyndin í fullri lengd sem Vogt skrifaði handrit að og leikstýrði, var frumsýnd á Sundance-kvikmyndahátíðinni árið 2014, þar sem hún hlaut verðlaun fyrir besta handrit í flokki alþjóðlegra mynda. Myndin hlaut yfir tug annarra verðlauna, svo sem New Talent Grand PIX á CPH PIX í Kaupmannahöfn, og fjögur Amanda-verðlaun, m.a. fyrir bestu leikstjórn. *Blind* var tilnefnd til kvikmyndaverðlauna Norðurlandaráðs 2014.

Sem handritshöfundur hefur Vogt komið að öllum myndum Joachims Trier, bæði stuttmyndum og myndum í fullri lengd, svo sem *Reprise*, *Oslo, 31. august* og *Louder Than Bombs*. Vogt kom að handritaskrifum fyrir *Thelma*, væntanlega spennumynd Triers.

## FRAMLEIÐANDI – THOMAS ROBSAHM

Thomas Robsahm (f. 1964) er margverðlaunaður kvikmyndaframleiðandi, leikstjóri, tónlistarmaður og fyrrum leikari. Hann leikstýrði fyrstu mynd sinni, *Svarte pantere* (1992), að loknum ferli sem ungur leikari. Síðan hefur hann leikstýrt bæði kvikmyndum og heimildarmyndum, svo sem *S.O.S.*, sem hlaut Amanda-verðlaun sem besta myndin 2000, og *Moderne slaveri*, sem hlaut Amanda-verðlaun sem besta heimildarmyndin 2009. Síðasta leikstjórnarverkefni hans var heimildarþáttaröðin *Punx* (2015), fyrir norska ríkissjónvarpið.

Robsahm hefur starfað sem framleiðandi ásamt leikstjórum á borð við Margreth Olin, Solveig Melkeraaen og Jannicke Systad Jacobsen. *Louder Than Bombs*, sem var valin til að keppa á kvikmyndahátíðinni í Cannes 2015, var fyrsta samstarfsverkefni þeirra Joachims Trier. Robsahm vinnur nú að framleiðslu spennumyndarinnar *Thelma* fyrir framleiðslufyrirtækið Motlys. Robsahm gekk til liðs við Motlys árið 2013 eftir fjögurra ára starf hjá Norrænu kvikmyndamiðstöðinni.

## FRAMLEIÐSLUUPPLÝSINGAR

Titill á frummáli	Louder Than Bombs
Leikstjórn	Joachim Trier
Handrit	Eskil Vogt, Joachim Trier
Framleiðandi	Thomas Robsahm
Aðalhlutverk	Gabriel Byrne, Isabelle Huppert, Jesse Eisenberg, Devin Druid
Framleiðslufyrirtæki	Motlys
Lengd	109 mínútur
Dreifing innanlands	SF Norge
Alþjóðleg dreifing	Memento Films International

### FRAMHALDSLÍF (EFTERSKALV)

#### ÁGRIP

John snýr heim til föður síns að lokinni fangelsisvist, fullur eftirvæntingar yfir því að hefja nýtt líf. Það kemur þó á daginn að nærsamfélagið hefur hvorki gleymt glæp hans né fyrirgefið honum. Nærvera Johns kallar fram verstu hliðar samferðafólks hans og smám saman fer andrúmsloftið að minna á nornaveiðar. John finnst hann yfirgefinn af vinum og vandamönnum, fyllist vonleysi og árásarhneigðin sem kom honum í fangelsið lætur aftur á sér kræla. Fyrst hann getur ekki lagt fortíðina að baki ákveður hann að bjóða henni birginn.

#### HANDRITSHÖFUNDUR OG LEIKSTJÓRI – MAGNUS VON HORN

Magnus von Horn fæddist árið 1983 í Gautaborg og stundaði nám við Polish National Film School í Łódź í Póllandi. Meðan hann var enn í námi var stuttmynd eftir hann, *Echo* (2010), sýnd á Sundance-kvikmyndahátíðinni og var einnig valin besta stuttmyndin á kvikmyndahátíðinni í Kraká í Póllandi. Útskriftarverkefni hans, myndin *Utan snö* (2011), var frumsýnd á kvikmyndahátíðinni í Locarno í Sviss og var tilnefnd til hinna sænsku Guldbagge-verðlauna í flokki stuttmynda.

*Framhaldslíf*, fyrsta myndin sem von Horn leikstýrði í fullri lengd, var frumsýnd á kvikmyndahátíðinni í Cannes árið 2015. Myndin hefur hlotið boð á yfir 60 alþjóðlegar hátíðir og fjölda viðurkenninga, m.a. þrjú Guldbagge-verðlaun; sem besta myndin, fyrir bestu leikstjórn og besta leikara í aukahlutverki (Mats Blomgren).

Magnus von Horn starfar einnig sem kennari við kvikmyndaskólann í Łódź.

#### FRAMLEIÐANDI – MADELEINE EKMAN

Madeleine Ekman (f. 1965) stundaði kvikmyndanám við Stokkhólmsháskóla áður en hún útskrifaðist frá kvikmyndaskólanum í Stokkhólmi árið 1994. Að lokinni útskrift vann hún í nokkur ár við framleiðslustjórn og aðstoðarleikstjórn hjá auglýsingaframleiðandanum Traktor, áður en hún hóf að starfa við kvikmyndir í fullri lengd ásamt leikstjórum á borð við Jan Troell, Lukas Moodysson, Lisu Siwe og Daniel Bergman.

Árið 2006 var hún ráðin af Memfis Film til að sjá um myndir fyrirtækis í kvikmyndaverinu í Trollhättan í Svíþjóð, svo sem *Mammoth* eftir Lukas Moodysson.

Frá árinu 2009 hefur Ekman gegnt stöðu framkvæmdastjóra og framleiðanda hjá Zentropa í Svíþjóð. Hún framleiddi meðal annars myndina *Happy End* eftir Björn Runge (2011) sem var verðlaunuð fyrir bestu kvikmyndatöku á hátíðinni í San Sebastián (Ulf Brantås) og hlaut hin sænsku Guldbagge-verðlaun fyrir bestu leikkonu í aðalhlutverki (Anna Petrén). *Framhaldslíf* eftir Magnus von Horn sló í gegn á Guldbagge-verðlaunahátíðinni árið 2016 og hlaut þrenn verðlaun, þar á meðal sem besta myndin og fyrir bestu leikstjórn.

Ekman hefur einnig framleitt sjónvarpsþáttaröðina *Hashtag* fyrir stöðina SVT Play ásamt nýrri samstarfsskonu sinni hjá Zentropa, Lizette Jonjic. Ekman hefur meðframleitt nærri 20 myndir, svo sem *Antichrist*, *En kongelig affære*, *Jagten*, *En chance til*, *Kommunen* og *Wolf and Sheep*, en sú síðastnefnda var valin til sýningar á Directors' Fortnight á kvikmyndahátíðinni í Cannes 2016. Á meðal næstu verkefna Ekman sem meðframleiðanda er *Min kamp* í leikstjórn Alexanders Payne.

#### FRAMLEIÐSLUUPPLÝSINGAR

Titill á frummáli	<i>Efterskalv</i>
Leikstjórn	Magnus von Horn
Handrit	Magnus von Horn
Framleiðandi	Madeleine Ekman
Aðalhlutverk	Ulrik Munther, Loa Ek, Mats Blomgren, Wiesław Komasa

Framleiðslufyrirtæki  
Lengd  
Dreifing innanlands  
Alþjóðleg dreifing

Zentropa International Sweden  
102 mínútur  
TriArt  
TrustNordisk